

# CQ TF

FRÉTTABRÉF 1/86



Sumartími er loftnetatími.  
TF3KX og TF5BW  
við undirbúning TF4F  
í maí '77.

# CQ TF fréttabréf

5. árgangur

Útgefandi  
Íslenskir radióamatórar (IRA)  
Póstbólf 1058, 121 Reykjavík

Ritstjóri og abm  
Kristjan Benediktsson, TF3KB  
Efni sendist ritstjóra í síðasta lagi  
20. hvers mánaðar fyrir næstu útgáfu.  
Þeir sem unnu að þessu blaði:  
TF3AC, TF3JB, TF3KB og TF3-035.

IRA er hið íslenska aðildarfélag í  
IARU, IARU Region I og NRAU.

## Okkur virðist...

Amatörradíó er heillandi viðfangsefni fyrir þá fjölmörgu um allan heim sem við það fást. Það er vissulega mjög fjölbreytt áhugasvið. Á því eru margar hliðar sem þeir þekkja best sem það stunda, en ekki alltaf ljóst þeim sem fyrir utan það standa.

- Þess vegna er vaxandi áhugi fyrir því alþjóðavettvangi meðal radióamatóra sjálfra, að marka amatörradíói skýran sess sem tæknilegri og menntandi þjónustu í huga almennings, og fjölmiðla.

- Þetta verður varla gert öðruvísi en að amatörhreyfingin sé tæknileg og menntandi í raun og veru. Ef radióamatörar sjálfir vinna ekki að því markmiði verða engir aðrir til þess.

- Í greinargerð sem Victor C Clark heitinn, W4KFC, fyrrverandi forseti ARRL skrifaði fyrir IARU, vildi hann leggja áherslu á að amatörradíóþjónustan væri auðlind hvernar þjóðar, en ekki þröngir eiginhagsmunir Radióamatörar ættu að vinna að málum sínum með það í huga.

- Skv reglugerð er IRA umsagnaraðili og tengiliður leyfishafa og Póst- og síma-málastofnunar. Á undanförunum árum hefur þeirri stefnu verið fylgt að mál til umfjöllunar fái góða og faglega umfjöllun. Leitast hefur verið við að ákvarðanir séu vel rökstuddar og gerðar á góðum radióamatörlegum forsendum

- Þröngir eiginhagsmunir byggðir á lítilli virðingu fyrir amatörviðhorfum er óráð-legt vegarnesti við stefnumarkandi ákvarðanir félagsins. Þetta hafa góðir radióamatörar alltaf skilið, en ekki alveg alltaf allir okkar félagsmanna.

- Félagið er 40 ára á þessu ári. Samein-umst um eflingu íslensks amatörradíós með réttisýni og góðar amatörforsendur að leiðar- ljósi

(TF3KB)

 spennubreytar  
Sími 54745 – Box 400  
Trönurtraun 5 – Hafnarf.

## QSP...

### Frá aðalfundi...

Aðalfundur ÍRA var haldinn sunnudaginn 9 febrúar 1986 að Hótel Esju í Reykjavík. Dagskrá var samkvæmt félagssamþykktum.

- Í skýrslu formanns kom m.a. fram, að félagsmenn eru alls 184 Innheimtuárangur ársins 1985 varð 66%.

- Formaður minntist í upphafi máls síns látins félaga, Ívars Þórarinnssonar, TF3BV, og vottuðu félagsmenn honum virðingu sína með því að rísa úr sætum.

- Fram kom, að húsnæðismálin hafa verið til umfjöllunar sérstakrar húsnæðisnefndar undir forystu TF3SA, en félagið mun missa núverandi húsnæði sitt í ágúst næstkomandi Þess er að vænta að lausn sé í sjónmáli.

- Hvað útgáfumál snertir, kom m.a. fram, að tvö hefti fréttabréfs félagsins CQ-TF komu út á starfsárinu og einnig hefur TF3KB persónulega unnið að endurskoðun nýliðanámsefnis.

- Alls voru haldnir þrjú almennir fundir innan félagsins. Á vettvangi tíðnimála gat formaður umsóknar félagsins um 50 MHz bandið. Jákvæð svör bárust frá P&S og tíðnisviðið 50 - 54 MHz heimilað með takmörkunum.

- Virkni félagsmanna jókst nokkuð í metra- bylgjusviðinu á tímabilinu og báru þeir TF3ATT, TF3LJ og TF3TT hitann og þungann af útbreiðslukönnunum á hálendinu og settu m.a. upp radióvita a 144 MHz í þessu skyni.

- TF3XUU/8 annaðist nýlega uppsetningu radióvitans TF8VHF ásamt fleirum frá QTH sínu á Garðskaga. Stöðin varð QRV hinn 19 janúar síðastliðinn á tíðninni 144939 MHz. Aflið er 40 wött út og 6-el YAGI-loftnet er notað með stefnuna ca 100 gráður réttvísandi. Upplýsingar hafa þegar borizt frá LA um að merki frá TF8VHF heyrst þar um

MS.

Virkin á HF-böndunum hefur einnig verið nokkur á tímabilinu og ber þar hæst TF-útileikana TF3CW hefur verið virkur í CQ-keppnunum ásamt fleirum. Þá var fimmta kallsvæðið mjög virkt í stuttbylgju-sviðinu á tímabilinu og þá einkarlega þeir TF5BW og TF5EP. TF6JZ hefur einnig verið QRV á HF-böndunum og merki frá honum íðulega 599 hér í Reykjavík á 7 MHz á kvöldin.

- Kynning var haldin á starfsemi radíóamatöra í Hljómskálagarðinum í Reykjavík 17 júní síðastliðinn. Voru þar m.a. QRV tvær stöðvar á HF-böndunum ásamt nýliðataekjum og 2-m búnaði. Prentuðu máli um starfsemina var dreift og aðsókn góð. Þeir sem stóðu að kynningunni voru TF1PSN, TF3ATT, TF3FG, TF3LJ og TF3TTN TF3AA, TF3BMT, TF3OF og TF3SD aðstoðuðu.

- Formaður ræddi að lokum nokkuð verkefni framundan og kom þar m.a. inn á námskeiðsmál, reglugerðarmál og ýmis innri mál félagsins. Hann hvatti félagsmenn til þess að taka virkan þátt í starfinu starfsemi radíóamatöra á landinu til eflingar og heilla.

- Í stjórn ÍRA starfstímabilið 1986-1987 voru þessir kjörnir (og hefur stjórnin skipt með sér verkum)

Kristján Benediktsson, TF3KB, formaður  
Stefán Arndal, TF3SA, varaformaður  
Loftur E Jónasson, TF3LJ, ritari  
Ásbjörn Harðarson, TFATT, gjaldkeri  
Bjarki Brynjarsson, TF3TT, meðstjórnandi

- Varamenn í stjórn voru kjörnir Þorvaldur Stefánsson, TFIPS og Mathias Hagvaag, TF3-035

- Endurskoðendur voru kjörnir þeir TF3CW og TF3-030 og TF3JB til vara

- Árgjald fyrir 1986 var samþykkt kr 800,00 Eftir 1 júní hækki gjaldið í krónur 1000,00

- Undir liðnum önnur mál, urðu m.a.

CQ TF fréttabréf ————— 1. tölublað  
nokkrar umræður um húsnæðismál og  
stefnumótun þeirra undir forystu TF3SA.

- Embættismenn fundarins voru kjörnir  
þeir TF3TT fundarstjóri og TF3CW fundar-  
ritari.

- Alls sóttu 20 félagsmenn fundinn.

### Af félagsmönnum...

- Í samtölum við leyfishafa og hlustara  
víða um land nú um páskahegina kom  
almennt í ljós, að félagsmenn eru farnir að  
búa sig undir vorið En hjá radióamatörum  
er vorið jafnan aðal loftnetatíminn. Það kom  
einnig fram að menn hlusta mikið á böndin  
og að tækjaeign hefur áberandi aukist á 144  
MHz

### Nokkrar íslenskar stöðvar...

- CQ-WPX-PHONE keppnin var haldin  
um páskana. Nokkrar íslenskar stöðvar  
heyrðust í samböndum á böndunum.  
Skilyrðin hafa hins vegar gert það að  
verkem, að alvarleg þátttaka hefur ekki verið  
raunhæf Sérstaklega átti þetta við um ARRL  
keppnirnar í byrjun ársins. Og þeir leyfis-  
hafar sem virkir voru eftir 1970 minnst  
skilyrðanna nú sem mjög svipaðra og árin  
1975-76 Annars hefur 21 MHz bandið verið  
að koma upp og þetta band sýnt hvað mesta

breytingu til batnaðar nú þegar daginn hefur  
tekið að lengja. Þá hafa menn heyrt  
radióvitana á 28 MHz, einkum LA5TEN frá  
Oslo. 18 apríl 1986 er alþjóðadagur radió-  
amatöra. Dagurinn var valinn sem slíkur  
vegna þess að þann dag árið 1925 voru  
alþjóðasamtökin stofnuð (International  
Amateur Radio Union), skammstafað IARU.  
TF-stöðvar eru hvattar til virkni þann dag  
og mæta vel í félagsheimilinu fimmtudaginn  
17 apríl.

- Hinn 14 ágúst í haust verða 40 ár liðin  
frá stofnun félagsins. Ýmislegt mun vera á  
döfnni hjá stjórn félagsins í tilefni þessa  
Þrátt fyrir áhuga stjórnarmanna mun vera  
nóg pláss fyrir áhugasama félagsmenn sem  
vilja leggja málefnið lið.

- Á 30 ára afmælinu 1976 var margt gert  
í tilefni þess, m a haldið veglegt afmælishóf  
í Reykjavík þar sem menn komu saman með  
eiginkonum og gestum til skemmtunar. Þá  
voru farnar fiöld ferðir með tæki og búnað,  
sbr rekstur TF30IRA úr Þjórsárdal. Sú ferð  
var mjög farin í anda gömlu Operation Hot  
Springs ferðanna sem farnar voru suður á  
Reykjanes kringum 1970. (TF3JB)

**Myndin hér að neðan er frá starf-rækslu  
TF30IRA í Þjórsárdal í tilefni 30 ára  
afmælis félagsins 1976.**





## model 4-BTV

*...the majority choice  
of amateurs throughout  
the world!*

Hustler model 4-BTV er lofnet í hæsta gráðaflokki fyrir heimastöðvar radióamatöra. Það vinnur á öllum amatörtíðnum í stuttbylgjusviðinu, 7-28 MHz og 3.5-3.8 MHz með sérstakri spölu og toppi. 4-BTV er ein lofntíð af þessari gerð, sem hefur einu eigintíðni-stillingu (resonance-stillingu) fyrir hvert svið; standbylgja er ekki hætti en 1:1.6 frá CW-hluta sviðsins til enda PHONE-sviðsins. — Fyrir utan amerísk gæði og smíðanákvaðni, er lofntíð einkar sterklega hannað og kjörð til notkunar í íslensku veðráttu. Með vandvirkni í uppsetningu og nokkrum stögum, mun 4-BTV veita þér marga ánægjustund við tekin hvort sem þú ert radióamatör eða stuttbylgjuhústar.


Full lengd: 6.53 metrar  
Þyngd: 6.8 kg  
Hámarks afl: 2000 wött +  
Vindþol óstagað: 120 km/klst  
Vindþol stagað: 180 km/klst  
Uppsetning: Miðað við 1-11'°  
löðrett rör sem  
undirstöðu.

Standbylgja:  
1:1.15 á eigintíðni  
eða betri.  
Færð:  
52 Ohm coaxial kapall  
Staðsetning:  
Á jörðina, með  
eða án radíala,  
á þak, með  
radiólum.

Fyrir 80 metra er um tveir gerðir spölu ásamt toppum að velja. En það eru RM-80 og RM-80-S, sem eru sýndar hér til hlóðar. RM-80 er gerð fyrir 400 wött og getur 30 til 50 kHz bandbreidd. RM-80-S er gerð fyrir 2000 wött og allt að 100 kHz bandbreidd. Báðar tegundirnar eru stillanlegar yfir allt 80 metra sviðið, þ.e. frá 3.5 MHz til 3.8 MHz, með þeim bandbreiddum sem nefndar eru að ofan.



SWR curves



*Hljóðtækni*  
(Hljóðtækni - Radio Supply)

Hörgshlíð 24, 105 Reykjavík, Sími 91-22247



## DX-SPÁIN

- Fréttabréfið birtir nú í fyrsta skipti tölvuspá fyrir skilyrðin á HF böndunum.

- Tvær línur eru í hverju riti. Efri línan táknar HPF (highest possible frequency) eða hæstu notanlegu tíðni. Neðri línan táknar LUF (lowest usable frequency) eða lægstu notanlegu tíðni.

- Staðirnir sem spáin nær til eru valdir með hliðsjón af radióvitunum á 14,1 MHz, en eins og margir vita eru nú í gangi 8 radióvitar á þeirri tíðni. Það er því auðvelt að athuga hve mikið mark er takandi á spánni.





- Vitarnir senda í eina mínútu í senn og byrjar hver sendiumferð á hverjum heilum tíu mínútum. Vitarnir senda þá hver af öðrum í eflirfarandi röð:

0. min. 4U1UN/B. New York.
1. min. W6WI/B. Los Angeles.
2. min. KH60/B. Havaii.
3. min. JA2IGY/B, Tokyo.
4. min. 4X6TU/B. Israel.
5. min. OH2B, Helsinki.
6. min. CT3B. Madeira,
7. mln. ZS6DN/B. Pretoria.

- Hver sending byrjar á QST de (kallmerki). Síðan kemur sending á 100 W afli, þá 10 W, svo 1 W og loks 0,1 W og sendingin endar á fullu 100 W afli. Því er beint til radióamatöra um allan heim að senda ekki innan við 500 Hz frá 14.100 kHz, til að trufla ekki.

- Spáin sem hér birtist er byggð á tölvuforriti af MINIMUF gerðinni. Eina upplýsingarnar sem setja þarf inn er hnattstaða, sólblettafjöldi og mánuður ársins

- **Spáin gildir fyrir apríl 1986** og gengur út frá sólblettatölunni 10. Eins og gefur að skilja getur MINIMUF spá ekki verið mjög nákvæm, en getur þó verið gagnleg til hliðsjónar um það hvenær vænta má bestu skilyrða. (TF3KB)



## TF3AC skrifar...

*QSL - kortið er kurteis endir á QSOi.* QSL -kortið er hin skriflega staðfesting þess að QSO hafi átt sér stað. Þetta vil ég minna radióamatöra á. Það er skoðun mín, að margir leyfishafar beri litla virðingu fyrir kortunum, þau eru jafnvel sett til geymslu í skókkassa undir rúm svo árum skiptir.

- En sem betur fer eru ekki allir þannig. Ég hef orðið var við það að sífellt fleiri leyfishafar hafa sótt um "diplómur" á undanförunum árum. Nú vil ég biðja amatöra um stórt átak í þessum málum, og notið QSL-kortin. Ef ykkur vanhagar um umsóknar-eyðublöð, undirskrift til staðfestingar eða skoðunar á kortunum, þá hafið samband við mig


- Þau gleðilegu tíðindi hafa gerst, að tveir radióamatörar á Akureyri, þeir TF5BW og TF5EP hafa haft samband við mig. Þeir komu heim til mín og við ræddum góða stund um "diplómur". Síðan hafa þeir haft samband við mig vegna undirskriftar umsóknareyðublaða og fl. Þegar Brynjólfur Jónsson, TF5BW, hafði samband við mig síðast var hann búinn að taka á móti 25 "diplómum" og hafði sótt um 15 til viðbótar.

- Þetta kalla ég að nota kortin. Hann hefur nú sótt um inngöngu í hinn þekktu þýzk-stofnaða DIG klúbb, en eitt inngönguskilyrði er m a að hafa a m k 25 viðurkennd heidursskjöl í eigu sinni. Það er ekki amalegt fyrir DX-mann að fá þennan stimpil á kortin sín.

- Ég vil óska honum til hamingju með árangurinn.

- Skráðu öll þín kort, þá hefurðu yfirlit yfir það sem þú ert búinn að ná. Þá er auðvelt að sækja um ýmsar "diplómur", sem síðar veita þér frekari viðurkenningu sem DX-maður.

**TF3AC. "Awards manager" ÍRA**





*Félagsskírteini í F.Í.B. bætir hag bifreiðaeigenda*